Íslenska ríkið (ríkið) annars vegar og Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær (sveitarfélögin) hins vegar gera með sér svohljóðandi:

VIÐAUKA

við samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033, sem var undirritað hinn 26. september 2019.

Um tilurð viðaukans, viðræðuferli og efnisatriði uppfærslu samkomulagsins er sérstaklega fjallað í greinargerð með viðauka þessum. Að öðru leyti en kveðið er á um í viðauka þessum heldur ofangreint samkomulag gildi sínu:

1. gr.

Gildistími samkomulagsins er framlengdur um 7 ár og gildir það nú til og með ársins 2040.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði bætist við upptalningu 1. mgr. 2. gr. samkomulagsins:

- Að stuðla að bættri lýðheilsu með aukinni hreyfingu íbúa og bættum loftgæðum m.a. með fjölbreyttari ferðamátum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. samkomulagsins:

1) 1. ml. 2. mgr. 3. gr. orðast svo: Niðurstöður samkomulags um uppfærða fjármögnun samgöngusáttmála fela í sér að ríkið og sveitarfélög hafa samþykkt að fjármagna framkvæmdir sáttmálans í sama hlutfalli og í samkomulagi frá árinu 2019, þ.e. sveitarfélög 12,5% og ríkið 87,5%. Framkvæmda- og fjárstreymisáætlun (viðauki 1) gerir ráð fyrir að heildarfjármögnun höfuðborgarpakkans, þ.e. uppbyggingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, verði 311 ma.kr. á verðlagi mars 2024, sem skiptist þannig milli ríkis, sveitarfélaga og flýti- og umferðargjalda:

2) a.-liður 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

   Beint framlag ríkisins verður 2,8 ma.kr. á ári frá 2024 til og með ársins 2040. Auk þess mun árlegt viðbótarframlag að fjárhæð 4 ma.kr. bætast við bein framlög ríkisins frá og með 2025 til og með ársins 2029.

3) d.-liður 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

   Beint framlag sveitarfélaganna verður 1,4 ma.kr. á ári frá 2024 til og með ársins 2040. Auk þess mun árlegt viðbótarframlag að fjárhæð 555 milljónir kr. bætast við bein framlög

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

sveitarfélaganna frá og með 2025. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skipta með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan.

4) f.-liður 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Flýti- og umferðargjöld vegna þessa verkefnis, að fjárhæð um 143 (nettó) ma.kr., verða skilgreind og innheimt til að ná fram framangreindum markmiðum. Er flýti- og umferðargjöldum ætlað að standa straum af stofnframkvæmdum, fjármögnun og afleiddum kostnaði s.s. fjármagnskostnaði, rekstri umferðargjaldakerfisins og félagsins, sbr. 6. gr. samkomulagsins. Jafnframt er flýti- og umferðargjöldum ætlað að standa undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2040. Flýti- og umferðargjöldin verði útfærð þannig að um leið og þau tryggja nauðsynlega fjármögnun muni þau stuðla að markmiðum samkomulagsins skv. 2. gr. Aðrir fjármögnunarkostir ríkisins verða jafnframt skoðaðir samhliða orkuskiptum og endurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti, enda raski það ekki fjármögnun framkvæmdaáætlunar samkomulagsins sbr. þessi grein og framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í fylgiskjali 1 með viðauka þessum.

5) g.-liður 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Betri samgöngur ohf., félag aðila skv. 6. gr. samkomulagsins, fær heimildir til lántöku sem nema árlegum mismuni framlaga og fjárfestinga skv. framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka 1 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga sbr. 3 mgr. þessarar greinar. Tilhögun lántöku með tilliti til fjárhæða, lánstíma og fyrirkomulags afborgana skal hagað þannig að fjármagnskostnaður verði lágmarkaður, vextir leggist við höfuðstól á lánstíma og hafi því ekki áhrif á fjárfestingargetu félagsins.

Betri samgöngum ohf. er jafnframt heimilt að fjármagna nauðsynleg húsnæðis- og lóðakaup og niðurrif vegna framkvæmda við stofnvegi samgöngusáttmálans með láni á markaði með ábyrgð frá ríkissjóði. Félagið haldi jafnframt utan um skipulagsvinnu á umræddum lóðum og komi í verð að framkvæmdum loknum. Útfærsla á þessari lántöku og ríkisábyrgð verði unnin í samvinnu félagsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

5. gr.

Í stað framkvæmda- og fjárstreymisáætlunar í viðauka 1 með samkomulaginu kemur ný framkvæmda- og fjárstreymisáætlun, sem fylgiskjal 1 með viðauka þessum og telst hún framvegis hluti samkomulagsins.

Undir viðauka þennan rita forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra f.h. ríkisins og borgarstjóri og bæjarstjórar f.h. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Undirritun af hálfu ríkisins er með fyrirvara um að Alþingi samþykki þær lagabreytingar sem samkomulagið kveður á um. Að sama skapi er undirritun af hálfu sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Reykjavík, 21. ágúst 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

F.h. ríkisins

forsætisráðherra

fjármála- og efnahagsráðherra

innviðaráðherra

F.h. sveitarfélaga

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

	2019-24	2025-29	2030-34	2035-40
Samtals á tímabili:	21.536	79.670	140.240	69.500
Uppsafnað:	21.536	101.206	241.446	310.946

Framkvæmdaáætlun uppfærðs samgöngusáttmála

Verðlag mars 2024 m.kr.: vísitala 24012

Stofnvegir	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Bæjarháls - Vesturlandsvegur	592													600
Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	971													1.000
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	3.073													3.100
Norðlingavað - Bæjarháls	240													200
Gatnamót við Bústaðaveg	52		100	100		100	1.700	400						2.500
Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokk	354	300	200	400	5.100	6.200	6.200	6.400						25.200
Reykjanesbraut - Álftanesvegur - Lækjargata	116		200	200	200	1.000	2.600	4.600	5.700	5.500				20.100
Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	729	2.600	2.600	2.100										8.000
Miklabraut - jarðgöng	222			300	300					1.000	6.000	7.000	39.900	54.700
Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala			100	300	1.000	1.000								2.400
Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	3				200				200	600		5.000	6.800	12.800
Stjórnun stofvega	102													100
	6.454	**2.900**	**3.200**	**3.400**	**6.800**	**8.300**	**10.500**	**11.400**	**5.900**	**7.100**	**6.000**	**12.000**	**46.700**	**130.700**
Borgarlína														
Ártún - Hlemmur - Hamraborg	3.660	2.600	5.700	6.200	6.200	6.200	6.200	5.400	5.300					47.500
Mjódd - BSÍ	42		100	200			1.000	2.100	2.100		2.000	2.000	7.600	17.100
Fjörður - Miklabraut	32		200						2.100	3.100	7.000	6.700	700	19.800
Ártún - Spöng			100					600	700		4.000	3.800	2.500	11.700
Hamraborg - Lindir			100	300				1.400	1.200	4.400				7.400
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	16	50	150		310	1.180	2.050	3.600	3.600	4.670	700			16.300
Snúningur við Hörpu				100		500	500							1.100
Stöðvar utan sérrýmis lotu 1-6								1.300	1.300	1.100	1.500		1.200	6.400
Undirbúningur verka	6	150	260	260	260			510	510	600	550			3.100
	3.756	**2.800**	**6.610**	**7.060**	**6.770**	**7.880**	**9.750**	**14.910**	**16.810**	**13.870**	**15.750**	**12.500**	**12.000**	**130.400**
Annað														
Hjóla- og göngustígar utan Borgarlínu	2.280	1.000	500	500	500	500	500	500	500	700	700	1.000	1.200	10.400
Hjóla- og göngustígar meðfram 1. lotu Borgarlínu			200	800	800	800	800	1.600	1.600	700				7.300
Hjóla- og göngustígar meðfram 2. - 6. lotu Borgarlínu								1.200	2.000	2.700	2.500	2.500	2.700	13.600
Hjóla- og göngustígar - viðbótarstígar									800	800	700		3.100	5.400
Göngubrýr og undirgöng	456		200	200	200	200	200	200	200	200	200	200	700	3.200
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir	1.590	300	500	500	500	500	500	600	700	600	600		3.100	10.000
	4.326	**1.300**	**1.400**	**2.000**	**2.000**	**2.000**	**2.000**	**4.100**	**5.800**	**5.700**	**4.700**	**3.700**	**10.800**	**49.900**
Samtals:	**14.536**	**7.000**	**11.210**	**12.460**	**15.570**	**18.180**	**22.250**	**30.410**	**28.510**	**26.670**	**26.450**	**28.200**	**69.500**	**311.000**

Fjárstreymisáætlun

	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Bein framlög ríkis (samgönguáætlun)	13.678	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	2.800	16.800	61.278
Sveitarfélög SSH	5.488	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	8.400	29.288
Flýti- og umferðargjöld / endurskoðun tekjuöflunar af umferð								13.000	13.000	13.000	13.000	13.000	78.000	143.000
Ábati af Keldnalandi						6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	8.000	50.000

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Önnur fjármögnun rikisins			4.000	4.000	4.000	4.000	4.000							20.000
Ábati af þróun við stokka og önnur þróun lands														
Aukin bein framlög sveitarfélaga			555	555	555	555	555	555	555	555	555	555	3.330	8.880
Samtals	**19.166**	**4.200**	**8.755**	**8.755**	**8.755**	**14.755**	**14.755**	**23.755**	**23.755**	**23.755**	**23.755**	**23.755**	**114.530**	**312.446**
Staða innan árs	4.630	-2.800	-2.455	-3.705	-6.815	-3.425	-7.495	-6.655	-4.755	-2.915	-2.695	-4.445	45.030	**1.446**
Uppsafnað	**4.630**	**1.830**	**-625**	**-4.330**	**-11.145**	**-14.570**	**-22.065**	**-28.720**	**-33.475**	**-36.390**	**-39.085**	**-43.530**	**1.500**	

Áætlað viðbótar fjárflæði sveitarfélaga skv. mörkun

	2019-2023	2.024	2.025	2.026	2.027	2.028	2.029	2.030	2.031	2.032	2.033	2.034	2034-2040	Samtals
Reykjavik				73		850	1.320	1.279			200	200	200	4.122
Kópavogur			60	62	61				100	100				383
Hafnarfjörður											75	75		150
Garðabær														
Mosfellsbær									100	100				200
Seltjarnarnes														
Samtals			**60**	**135**	**61**	**850**	**1.320**	**1.279**	**200**	**200**	**275**	**275**	**200**	**4.855**